



LÖGMANNSSTOFA

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík 27. apríl 2017

EFNI: Beiðni um starfsleyfi

Til LEX hefur leitað félagið Advance Marine Services Limited vegna björgunaraðgerða félagsins (e. Salvage) á mögulegum verðmætum úr skipsflaki á hafsbotni 120 sjómílur suðaustur af Íslandi. Umbjóðandi okkar er framleigutaki á skipinu Seabed Constructor sem gert er út af norska skipafélaginu Swire Seabed Shipping AS. Hinn 12. apríl síðastliðinn var umbjóðanda okkar tilkynnt af Landhelgisgæslunni að til þess að hann gæti haldið áfram aðgerðum á svæðinu þyrfti hann starfsleyfi skv. ákvæðum laga nr. 77/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Nánar tiltekið tjáði Landhelgisgæslan undirrituðum að umhverfisráðuneytið í samráði við Umhverfisstofnun teldi að starfsemi umbjóðanda okkar starfsleyfisskylda og að umbjóðanda okkar væri óheimilt að halda áfram störfum án starfsleyfis. Var í þessu sambandi vísað til 26. tölulið fylgiskjals 1 með lögunum. Að mati stofnunarinnar fell starfsemi umbjóðanda okkar í sér niðurrif skips sem er leyfisskyld skv. tölulið 9.14 í fylgiskjali 2 með reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Með bréfi þessu er formlega sótt um slíkt starfsleyfi. Eins og gefur að skilja þá er ekki sótt um starfsleyfi vegna sérstakrar stöðvar sem rekin er af umbjóðanda okkar heldur er sótt um starfsleyfi sem beinist að flaki eins skips, þ.e. Minden sem liggur á hafsbotni.

Umbjóðandi okkar telur að engin hættu sé á mengun vegna aðgerða hans. Um sé að ræða mjög einfalda og fljótvirka aðgerð sem felur í sér að skera í vegg sem síðar verður beygður frá kassa sem umbjóðandi okkar telur að gæti innihaldið verðmæti. Kassinn yrði svo færður upp á yfirborðið til skoðunar. Áætlað er að verkið muni taka um það bil 24 til 48 klukkutíma ef veðurskilyrði eru hagstæð. Bendir umbjóðandi okkar að hann er ekki að rífa niður flak skipsins, heldur einungis að nálgast og losa umræddan kassa.

Umbjóðandi okkar er ekki íslenskur lögaðili og hefur því ekki tök á því að fylla út umsókn með rafrænum hætti á þjónustugátt Umhverfisstofnunar, enda ekki með rafræn skilríki eða með íslenska kennitölu. Með bréfi þessu verður þó reynt að svara öllum þeim spurningum sem þar koma fram, eftir því sem við á, í þeirri röð sem þær birtast á þjónustugátt UST. Sé óskað frekari upplýsinga er hægt að samband við undirritaðan vegna málsins. Þá leggur umbjóðandi okkar fram nokkur fylgiskjöl til fyllingar á umsókn þessari.

Þá er þess vinsamlegast beiðst að málinu verði hraðað innan stofnunarinnar, þar sem umbjóðandi okkar þarf að bera gríðarlegan kostnað vegna leigu á skipinu Seabed Constructor. Hleypur sá kostnaður á milljónum króna fyrir hvern sólarhring. Umbjóðandi okkar yrði mjög þakklátur ef hægt væri að taka ákvörðun um leyfi til hans hið allra allra fyrsta og helst í næstu viku, þ.e. vikuna 1. til 7. maí.

Umsóknareyðublað:

Ábyrgðarmaður umsóknar:	Oliver Mills
Sími ábyrgðarmanns:	
Netfang ábyrgðarmanns:	
Nafn fyrirtækis:	Advanced Marine Services Limited
Starfstöð fyrirtækis:	6 Grosvenor Street,
Póstnúmer og staður:	W1K 4PZ, London, England
Sími fyrirtækis:	+ 44 (0)7525 951011
Netfang fyrirtækis:	contact@advmarserv.com
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar:	Bragi Dór Hafþórsson, hdl. LEX, Borgartúni 26.
Sími tengiliðs:	590-2600 eða 691-0600
Netfang tengiliðs:	bragi@lex.is
Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á:	<p>Umsækjandi, Advanced Marine Services Limited (AMS) sérhæfir sig í björgun ýmissa verðmæta úr skipsflökum á hafsbotni víðsvegar um heiminn. Við þá starfsemi er notast við bestu fánlegu tækni. Hluti starfseminnar felst í því að skera eða klippa í flök skipa, í þessu tilfalli flak skipsins Minden. Hefur Umhverfisstofnun talið að það að skera eða klippa í flak skips felí í sér starfsleyfisskyldu. Er því sótt um slíkt starfsleyfi.</p> <p>Umfang aðgerðarinnar er mjög lítið. Nánari lýsing á umfangi hennar er sú að umsækjandi hefur leitað að verðmætum í flaki skipsins Minden, sem var þýskt gufuknúið fraktskip. Hinn 24. september 1939 mætti skipið bresku herskipi og tók áhöfnin ákvörðun um að sökkva skipinu sjálf með því að opna fyrir botnloka skipsins. Liggur skipið nú á 2240 metra dýpi á hafsbotni í 120 sjómílna fjarlægð suðaustur af Íslandi.</p> <p>Við leit AMS að verðmætum er notast við fjarstýrðan kafbát (e. Remote Operated Vehicle, ROV) sem færður er niður á hafsbotni. Kafbáturinn og öll önnur tæki sem notuð eru neðansjávar eru knúin af rafkerfi skipsins Seabed Constructor. Ekki er notast við olíu eða aðra mengandi orkugjafa í kafbátinum eða öðrum tækjum við björgunaraðgerðina. Þegar kafbáturinn er kominn að flakinu þarf að notast við klippur til þess að skera í vegg í einu herbergi flaksins.</p> <p>AMS hefur fundið kassa sem er í svokölluðu pósthvergi (e. mailroom) undir efsta þilfari skipsins í skuti þess. Kassinn er 100x45x45 cm að stærð og því aðeins stærri heldur en ferðataska. Hefur AMS þegar komist inn í herbergið og er kassinn sem AMS telur að gæti geymt verðmæti uppi við styrktan vegg sem snýr fram að stefni skipsins. Til þess að geta nálgast umræddan kassa þarf notast AMS við klippur sem munu klippa í vegginn sitt hvoru megin við kassann og verður veggurinn svo beygður niður, í átt frá kassanum. Með því móti losnar um kassann og hann í framhaldinu festur með ströppum eða tóngum og lyft upp úr rýminu. Kassanum er svo komið fyrir í körfu sem hífð verður upp á yfirborðið og upp í skipið Seabed Constructor.</p> <p>Meðfylgjandi er mynd (fylgiskjal 1) þar sem aðgerðinni er lýst sérstaklega og umræddur kassi sýndur (sjá einnig fylgiskjal 2). Kemur þar fram að skipið Minden hafi verið byggt árið 1921 og eru byggingarhlutar þess aðallega stál og víður. Um er að ræða gufuskip og er engin fjótandi olía um borð. Verkefnið felur ekki í sér áhættu á mengun, þar sem hvorki er klippt í gegnum vegg</p>

	<p>sem gætu haft að geyma leiðslur eða önnur efni sem gætu verið mengunarvaldandi. Mun verkefnið taka um það bil 36 til 48 klukkustundir ef veðurskilyrði eru góð.</p> <p>Verkefnið er mjög einfalt og ætti ekki að taka langan tíma. Að mati AMS er engin hættu á umhverfistjóni, enda einungis verið að klippa í stálvegg og hann beygður aftur. Á myndum má sjá að engin mengunarvaldandi efni eru að finna í herberginu sem verkefnið beinist að.</p>
Uppdrættir af staðsetningu:	<p>Á ekki við.</p> <p>Meðfylgjandi eru þó bæði teikningar af flakinu Minden sem sýna pósthvergið og jafnfram teikningar af skipinu Seabed Constructor. (fylgiskjal 2)</p> <p>Björgunin fer fram eins og áður segir á hafsbotni 120 sjómílur suðaustur af Íslandi. Hnit flaksins eru _____ er flakið á 2242 metra dýpi.</p>
Afrit af staðfestu deiliskipulagi:	Á ekki við.
Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna:	Engin efni eru notuð neðansjávar. Eini orkugjafinn sem notaður er kemur frá rafkerfi skipsins Seabed Constructor.
Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar:	Engin losun er fyrirsjáanleg í andrúmsloft, vatn eða jarðveg vegna björgunaraðgerðarinnar.
Losunartölur vegna alþjóðasamninga:	Á ekki við.
Ahrif á umhverfið:	
Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið:	Á ekki við enda ekki gert ráð fyrir nokkurri mengun.
Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út í umhverfið:	Fjarstýrði kabáturinn er búinn myndbandsvél og mun verða fylgst með aðgerðinni á sjónvarpsskjá hjá stjórnendum um borð í skipinu Seabed Constructor. Myndbandið er vistað á tölvu í skipinu og hægt að yfirfara að verkefni loknu.
Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið:	Engin losun er fyrirsjáanleg. Sjá jafnframt svar að ofan varðandi myndbandsupptökur.
Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs:	Ekki er búist við að nokkur úrgangur muni myndast við framkvæmdina. Ef óskað er eftir því af Umhverfisstofnun getur AMS fjarlægt þá hluti sem skornir hafa verið úr flakinu, sem hafa legið á hafsbotni í nokkur ár.
Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna	Á ekki við. Ekki er gert ráð fyrir nokkrum úrgangi.
Lýsið því hvort aðgerðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar:	Ekki er gert ráð fyrir nokkurri mengun. AMS bendir á að ef óskað er eftir því að afskornir hlutir verði teknir úr flakinu þá verði tryggt að þeir hlutir verða meðhöndlaðir með réttum hætti á lögmætum endurvinnslustöðvum.

Munu losunarþættir viðkomandi rekturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif:	Á ekki við, enda engin losun.
Annað:	
Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem koma fram í umsókninni:	<p>Verkefnið felur í sér björgun mögulegra verkefna úr skipsflaki á hafsbotni. Fundinn hefur verið kassi sem gæti geymt möguleg verðmæti og til þess að umsækjandi geti fjarlæggt kassann þarf að akera í vegg sem kassinn liggur að, silt hvoru megin við kassann. Notast er við fjarstýrðan kabát til verkefna, sem tekur ortu frá rafkerfi skipsins Seabed constructor. Engin losun er vegna verkefnisins eða við notkun á þeim tækjum sem notuð eru í verkefninu.</p> <p>Veggurinn sem liggur að kassanum verður í framhaldinu bøyður afturábak þannig að hægt sé að lyfta kassanum úr rýminu. Kassanum er svo komið fyrir í körfu og hífður um borð í skipið Seabed Constructor. Öll tæki og annað sem notað er í verkefnið er einnig hift um borð og ekkert skilið eftir.</p> <p>Ekkert er gert ráð fyrir nokkurn mengun vegna verkefnisins, enda felur vinnan elngöngu í sér að akera í vegg um borð í flakinu og bøyja hann aftur. Engar leiðir eða annað er í veggnum sem geta valdið mengun, líkt og sjá má af myndum. Flakið er af skipi sem var gufuknúð og því ekki hætt á olíumengun. Þá beinist verkefnið að herbergi sem er langt frá gufuvél skipsins, líkt og sjá má af myndum. Engin úrgangur er ætlaður vegna verkefnisins og sé þess óskað mun AMS fjarlægja hluti sem skomir hafa verið af flakinu upp á yfirborðið til endurvinnslu í samþyktri endurvinnslustöð. Verktími er mjög stuttur, eða aðeins 24 til 48 klukkustundir miðað við hagstæð veðurskilyrði.</p>
Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri:	<p>Umsækjandi leggur fram fjölda fylgiskjala vegna verkefnisins:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Lýsing á verkefninu og mynd af rýminu þar sem umræddan kassa er að finna og þær aðgerðir sem framkvæma þarf. 2. Nánari aðgerðalýsing ásamt lýsingu á því sem þegar hefur verið framkvæmt ásamt ljósmyndum og teikningum af flaki Minden. 3. Teikningar af skipinu Seabed Constructor. 4. Viðbragðsáætlun vegna mengunar frá Seabed Constructor. 5. Viðauk, listi yfir viðbragðsaðila vegna bráðamengunar. 6. Áhættumat verkefnisins. 7. Staðfestingar á tryggingum Seabed Constructor.
Áætlun vegna rekstrarstöðvunar:	Á ekki við. Verkefnið á að taka að hámarki tvo sólarhringa. Komi til þess af einhverjum völdum að á þessum tveimur sólarhringum að reksturinn sé stöðvaður verða öll tæki hífð um í borð í skipið Seabed Constructor. Engin úrgangur verður til vegna verkefnisins.
Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar:	Á ekki við.
Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við lög nr. 33/2004:	Lagðar eru fram staðfestingar frá The Standard Club Ltd., Sjöfartadirektoratet og Maritime and Coastguard Agency vegna tryggingar skipsins Seabed Constructor. (fylgiskjal 7)

<p>Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda:</p>	<p>Lagt er fram áhættumat verkefnisins (fylgiskjal 6) ásamt viðbragðsáætlun skipsins. (fylgiskjal 4) Seabed Constructor. Áhætta á bráðamengun hafs og stranda er lítil sem engin. Einugis er verið að klippa í vegg sem er án leiðslna eða annað sem gæti valdið tjóni. Sá veggur verður svo beygður aftur. Þá eru einnig notaðar myndavélar til eftirlits.</p>
<p>Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar:</p>	<p>Eins og áður sagir þá er ekki gert ráð fyrir nokkurri mengun. Umsækjandi leggur þó fram viðbragðsáætlun skipsins Seabed Constructor sem er mjög fjarlæg (fylgiskjal 4). Þá er lagður fram viðauki um lista yfir aðila sem hafa á samband við vegna mengunar. Í tilfalli umsækjanda Landhelgisgæsluna. (fylgiskjal 5)</p>

Umbjóðandi okkar leggur mikla áherslu á að engin mengun mun eiga sér stað við framkvæmd verkefnisins. Umsókn þessi er send Umhverfisstofnun vegna afstöðu stofnunarinnar vegna björgunaraðgerða umbjóðanda okkar, enda liggur umbjóðanda okkar mikið á að fá lausn í málinu. Ítrekar umbjóðandi okkar að fylgst sé með aðgerðinni á sjónvarpsskjá og hún tekin upp á myndband. Að lokinni aðgerð getur umbjóðandi okkar afhent Umhverfisstofnun afrit af upptökunni til sönnunar um að engin losun mengandi efna hafi átt sér stað við aðgerðina.

Ljóst er að reglugerð nr. 785/1999 gerir ekki ráð fyrir að gefið sé út tímabundið leyfi vegna „níðurnif skips“ en þó eru dæmi þess að gefin hafa verið út leyfi vegna tiltekinna skipa. Er þess óskað í tilfalli skipsflaksins Minden. Það áréttast þó að umbjóðandi okkar telur sig ekki vera að rífa skipið níður heldur aðeins að saga í vegg í einu herbergi skipsins og beygja þann vegg til að komast að og fjarlægja kassa sem umbjóðendur okkar telja að gæti haft að geyma verðmæti. Eftir að kassinn hefur verið hífður á yfirborðið telst verkefninu lokið. Tímaáætlun verkefnisins er 24 - 48 klukkustundir.

Óskil stöfnunin eftir frekari gögnum eða upplýsingum þá er hægt að hafa samband við undirritaðan með tölvupósti á bragi@lex.is eða í síma 590-2832 eða 691-600. Undirritaður hafði samband við Kristbjörgu Bjarnadóttur hjá Umhverfisstofnun til að fá upplýsingar um greiðslureikning vegna starfsleyfisins. Var honum tjóð að venjan væri að gefa út reikning eftir að umsóknin hafi verið móttækn til meðferðar. Undirritaður mun hlutast til um greiðslu reiknings skv. gjaldskrá vegna málsins og er þess óskað að upplýsingar um reikning og fjárhæð greiðslu verði sendar á framangreint tölvupóstfang. Mun reikningurinn verða greiddur um leið og upplýsingar liggja fyrir.

Að lokum er þess beiðst við stofnunina að hún hreði afgreiðslu málsins eins mikið og mögulegt er. Hefur umbjóðandi okkar orðið fyrir mjög miklum kostnaði vegna verkefnisins nú þegar og hlæypur sá kostnaður á milljónum króna fyrir hvern dag sem umbjóðandi okkar nýtir skipið. Umsókn þessi er bæði send með tölvupósti og boðsend.

Virðingarfyllt,
f.h. Advanced Marine Services Limited


Bragi Dór Hafþórsson, hdl.
f.h. Lilju Jónasdóttur, hrl.

Salvage operation from wreck by Seabed Constructor**Our planned task:**

Remove and recover the "Box of interest" inside a solid room in "Mail room" on the SS Minden ships wreck.

This we plan to do by bending down the forward bulkhead to get access to the Box.

- SS Minden was a cargo vessel built in 1921
- Building material: steel and wood
- No asbestos used at this time
- Steam vessel – no fluid fuel onboard
- "Mail room" located on Poop deck of the wreck
- The task includes no risk of pollution to the environment

